



Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

38. mál

Reykjavík, 14. júní 2009


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, er andvíg því að sótt verði um inngöngu í Evrópusambandið eins og ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hefur boðað með þingsályktunartillögu þeirri sem nú liggur fyrir Alþingi.

Tillagan ber þess ótvíræð merki að hafa verið unnin í flýti. Engin skýr samningsmarkmið koma þar fram. Í tillögunni kemur ekki fram hver sé áætlaður ávinningur af umsókn um inngöngu. Ekkert mat er sett fram á kostum og göllum inngöngu eða þeirri tímasetningu sem valin hefur verið til þess að senda inn umsókn. Ekki er heldur fyrir að fara neinu mati á kostnaði vegna umsóknar- og samningaferlis eða umfangi þess m.a. með tilliti til nauðsynlegs mannafla og álags á stjórnsýsluna. Tillagan felur því í raun í sér opið umboð í hugsanlegum viðræðum um inngöngu í ESB. Það er ennfremur einkennilegt að sáttmálar ESB hafi ekki verið gerðir aðgengilegir á íslensku og á það ekki síst við Lissabon-sáttmálann svonefnda sem verður í raun stjórnarskrá sambandsins og ætlað er að koma í stað fyrri sáttmála, því að ljóst er að Lissabonsáttmálinn er forsenda frekari stækkunar ESB. Þýðing hans á íslensku er því hluti af fjölbættri heimavinnu sem þyrfti að fara fram áður en hægt væri að taka ákvörðun um það hvort sækja skuli um inngöngu í ESB.

Jafnframt vekur það athygli að svonefndir „málsaðilar“ sem væntanlega eru ríkisstjórnar-flokkarnir, áskilja sér rétt til þess að hafna hugsanlegum samningi um inngöngu í ESB. Það lýsir ekki mikilli sannfæringu í málinu. Í langflestum tilfellum er vitað hvað innganga í sambandið hefði í för með sér fyrir okkur Íslendinga. Samningssvigrúm ESB er þröngt og samningamenn þess bundnir af sáttmálum sambandsins. Hins vegar væri eðlilegt að hugsanleg samninganefnd Íslendinga hefði ákveðin skilyrði í farteskinu sem ekki yrði hvíkað frá.

Nær allar skoðanakannanir sem fram hafa farið á þessu ári hafa sýnt að meiri hluti þjóðarinnar er andvígur inngöngu Íslands í ESB. Hins vegar hafa kannanir jafnframt sýnt að meiri hlutinn hefur áhuga á „aðildarviðræðum“ við Evrópusambandið. Ástæðan fyrir ólíkum niðurstöðum kannana er þó einfaldlega sú að fólk telur eðlilegt að fram fari viðræður milli Íslands og ESB um samskipti þessara aðila. Jafnframt sýna kannanir að málið er langt frá því að vera ofarlega á forgangslista almennings. Þess vegna virðist eðlilegast eins og mál standa nú að efnt yrði til könnunarviðræðum við ráðamenn í Brussel þar sem aflað væri þeirra upplýsinga sem ekki eru taldar liggja fyrir nú þegar eða sem talið er að skerpa þurfi á. Formleg umsókn um aðild útheimtir hins vegar mikla fjármuni og leggur mikið álag á stjórnsýslu landsins sem betur er varið til uppbyggingar íslensks samfélags eftir þau efnahagslegu áföll sem á hafa dunið.

Virðingarfyllst, f. h. Heimssýnar

Ragnar Arnalds, formaður

Tólf ástæður til að hafna Evrópusambandsaðild

1. Framsal á mörgum þáttum fullveldis – skert sjálfstæði

Með aðild að ESB færast vald yfir veigamiklum þáttum fullveldis okkar til Brussel. Dæmi: 1) yfirráðin yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu; 2) rétturinn til að gera fiskveiðisamninga við önnur ríki; 3) rétturinn til að gera viðskiptasamninga við önnur ríki; 4) rétturinn til að afnema tolla eða leggja á tolla; 5) æðsta dómssvald til ESB-dómstólsins o.s.frv. ESB-aðild er þess eðlis að hún útheimtir breytingu á stjórnarskrá Íslands í grundvallaratriðum. Það væru mikil afgangar gagnvart komandi kynslóðum ef við afsöluðum fullveldisréttindum þjóðarinnar í hendur öðru ríki eða ríkjasambandi. Ákvörðun um ESB-aðild má því ekki taka út frá skammtímasjónarmiðum, svo sem aðsteðjandi kreppu eða vandamálum tengdum gengi krónunnar, heldur verður að horfa áratugi fram í tímann og minnst þess að einmitt í krafti sjálfstæðis bætti þjóðin lífsskjör sín frá því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu og til að verða ein sú ríkasta.

2. ESB er að þróast í nýtt stórríki

Seinustu sex áratugi hefur ESB þróast hratt og fengið öll helstu einkenni nýs stórríkis sem stjórnað er af forseta og ríkisstjórn, þingi og æðsta dómstól og hefur sameiginlega utanríkisstefnu og fiskveiðilögsögu, landamæraeftirlit, stjórnarskrá, fána og þjóðsöng og stefnir að einum gjaldmiðli. Ekkert bendir til þess að þessi þróun sé á enda runnin. Meginmarkmiðið með framsali aðildarríkjanna á mikilvægustu þáttum fullveldis síns til miðstjórnarvaldsins í Brussel er að byggja upp nýtt risaveldi sem þjónar innri þörfum Sambandsins, þ.e. þeirra hagsmuna og viðmiða sem þar eru ríkjandi. Réttarstaða aðildarríkjanna verður hliðstæð fylkjunum í Bandaríkjum Ameríku sem hafa sjálfstjórn í vissum málaflokkum en búa við skert sjálfstæði og sterkt alríkisvald.

3. Völd litlu ríkjanna fara minnkandi

Völd lítilla ríkja í ESB fara smám saman minnkandi en völd hinna stóru vaxandi. Stefnt er að meirihlutaákvörðunum í stórauknum mæli með hliðsjón af íbúafjölda aðildarríkjanna. Ísland fengi 3 atkvæði af 350 í ráðherraráðum, þar sem mikilvægustu ákvarðanir eru teknar, og 5 atkvæði af 750 á ESB-þinginu. Sjálfstæð rödd Íslands myndi að mestu þagna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Því fámennara og áhrifaminna sem aðildarríki eru þeim mun meiri er skerðing sjálfstæðisins og hvergi yrði sú skerðing jafn tilfinnanleg og hér, m.a. vegna þess hve sjávarútvegur vegur þungt í efnahagslífi okkar og orkuauðlindirnar eru miklar og vannýttar. Hætt er við að Ísland verði eins og hreppur á jaðri risaríkis þegar fram líða stundir.

4. Samþjöppun valds í ESB gengur þvert á kall tímans um valddreifingu

Í ESB hefur mikið vald færst til embættismanna í Brussel og til ráðherra sem taka veigamestu ákvarðanir. Þingið hefur fyrst og fremst staðfestingar- og eftirlitsvald. Almennir þegnar í aðildarlöndunum hafa því lítil áhrif á þróun mála og afar dræm kosningaþátttaka til þings ESB sýnir hve framandi og fjarlægð Brusselvaldið er þeim. Lýðræðishallinn í ESB er ein og sér næg ástæða til að hafna ESB-aðild. Valddreifing er tímans kall en sívaxandi valdasamþjöppun í miðstýrðum stofnunum ESB sem að litlu leyti lúta eftirlitsvaldi kjósenda er tilræði við þróun lýðræðis í Evrópu. Á Íslandi geta kjósendur felld ríkisstjórn sem þeim líkar ekki við en í ESB hefðu þeir engin áhrif á hverjir yrðu hinir nýju yfirboðarar landsmanna.

5. Valdamiðstöðin yrði fjarlæg íslenskum kjósendum

Fjarlægð Íslands frá valdamiðstöðvum ESB og þekkingarleysi embættismanna þar á íslenskum aðstæðum minnir okkur á hve fráleitt er að Íslandi sé stjórnað úr 2000 km fjarlægð. Hætt er við að brýnar ákvarðanir sem varða okkur Íslendinga miklu velkist oft lengi í kerfinu í Brussel og það gæti orðið okkur til mikils skaða, t.d. í sjávarútvegsmálum og á öðrum sviðum auðlindanýtingar. Margar ESB-reglur henta Íslendingum alls ekki vegna smæðar íslensks samfélags og ólíkra aðstæðna í fámennu landi. Skemmst er að minnst ESB/EES-reglnanna um bankakerfið og ábyrgð íslenskra skattgreiðenda á glórulausum rekstri einkabanka á erlendri grund. Það reyndist baneitrað regluverk fyrir smáþjóð eins og Íslendinga. Við þurfum að geta sniðið okkur stakk eftir vexti og valið það sem okkur hæfir best.

6. **Atvinnuleysið er eitt helsta einkenni ESB**

Stórfellt atvinnuleysi er eitt helsta einkenni á atvinnulífi ESB og fylgifiskur aðildar vegna þess hve vinnumarkaður í ESB er þunglamalegur og hefur lítinn sveigjanleika. Atvinnuleysið sem skolið hefur á hér á landi hefur verið daglegt brauð í mörgum ESB-ríkjum undanfarna áratugi. Einnig hafa mikilvægir þættir vinnuréttar flust frá aðildarríkjum til ESB upp á síðkastið samkvæmt dómum ESB-dómstólsins.

7. **Óhagkvæmt myntsvæði fyrir Ísland**

Óhagræðið af sameiginlegri vaxta- og peningastefnu á evrusvæðinu þrátt fyrir mismunandi efnahagsaðstæður í aðildarlöndum yfir enn frekar undir atvinnuleysi í jaðarríkjunum. Ýmislegt bendir til þess að ESB sé í raun ekki hagkvæmt myntsvæði, hvað þá að svæðið sé hagkvæmt myntsvæði fyrir Ísland. Án þeirrar aðlögunar sem fæst í gegnum gengi krónunnar er víst að Íslendingar yrðu mun lengur að ganga í gegnum hagsveiflur, ekki hvað síst jafn miklar og við nú búum við. Auk þess mun líða langur tími, jafnvel áratugur þar til við uppfyllum Maastricht-skilyrðin og gætum tekið upp evru, ekki síst vegna mikillar skuldsetningar ríkissjóðs eftir að ESB þvingaði okkur til að samþykkja ICESAVE kostnaðinn.

8. **Úrslitavald ESB yfir auðlindum**

Það er grundvallarregla hjá ESB að stofnanir þess hafa „úrslitavald um varðveislu lífríkis sjávarauðlinda í samræmi við sameiginlegu fiskveiðistefnuna“. Allt tal um að Íslendingar geti fengið varanlega undanþágu frá þessari meginreglu er ábyrgðarlaus áróður. Mörg aðildarríki hafa sótt það fast en ekkert þeirra fengið annað en tímabundna aðlögun. Lögsaga Íslendinga yfir auðlindum sjávar umhverfis landið er sjö sinnum stærri en landið sjálft. ESB fengi úrslitavald um hámarksafila sem leyfður yrði, veiðitegundir, veiðisvæði og veiðitíma. Reglum um „hlutfallslegan stöugleika“ (hliðsjón af veiðireynslu) getur meirihluti ráðherraráðsins breytt þegar henta þykir og er það einmitt nú til umræðu. Rétti komandi kynslóða til fiskimiðanna yrði stefnt í mikla hættu. ESB er að breytast mjög hratt og sú þróun stöðvast ekki þó að Ísland gangi inn. Líklegt er talið að reglur um sjávar- og orkuauðlindir eigi eftir að breytast.

9. **Hernaðarveldi í uppsiglingu**

Í Lissabonsáttmálanum, sem verður ígildi stjórnarskrár ESB, eru heimildir fyrir Evrópusambandsher. ESB gerir ráð fyrir að í framtíðinni þurfi Sambandið að efla hernaðarmátt sinn og áskilnaður er í grein 42. í Sambandssáttmálanum (The Treaty on European Union, TEU) að stofnaður verði her til að gæta hagsmuna ESB, bæði í Evrópu og annars staðar.

10. **Ísland kvótalaust sjávarþorp?**

ESB-aðild útheimtir að opnað sé fyrir fjárfestingu erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi. Íslensk útgerð er mjög skuldum vafin og í erfiðu árferði gætu veiðiheimildir auðveldlega safnast á hendur erlendra auðfélaga og arðurinn (virðisaukinn) þannig flust úr landi. Ísland gæti því „breyst í kvótalaust sjávarþorp“, eins og nýlega var bent á.

11. **Réttur okkar til að gera viðskipta- og fiskveiðisamninga glatast**

Um þriðjungur af verðmæti sjávaraflans fæst úr svonefndum deilistofnum sem flakka úr einni lögsögu í aðra. Hingað til höfum við Íslendingar haft samningsrétt við önnur ríki, svo og ESB, um veiðar úr þessum stofnum. Við ESB-aðild myndum við framselja það vald til yfirstjórnar ESB. Nýjar tegundir bætast við lífríkið í lögsögu Íslendinga með hækkandi hitastigi sjávar, t.d. nú seinast makrill. Ef við hefðum afhent ráðamönnum ESB samningsréttinn og hlýtt boðum þeirra og bönnum væri nær ekkert veitt hér af þessum tegundum, t.d. kolmunna sem skilað hefur tugmilljarða króna virði í þjóðarbúið á hverju ári.

12. **ESB-aðild yrði þungt högg fyrir landbúnaðinn**

Íslenskur landbúnaður veitir okkur öryggi í fæðuframléiðslu af miklum gæðum auk þess sem hann styrkir jöfnuð okkar í viðskiptum við aðrar þjóðir og heldur uppi atvinnu og byggð í landinu. ESB-aðild yrði þungt högg fyrir landbúnaðinn sem sviptur yrði tollvernd. Samdráttur í búvörufram-

leiðsu myndi valda auknu atvinnuleysi víðs vegar um land í sveitum og þéttbýli sem byggir afkomu sína á framleiðslu landbúnaðarafurða. Eftir hrun fjármálabólans er nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að spara gjaldeyri og draga úr atvinnuleysi í stað þess að auka innflutning á kostnað innlendar framleiðslu og hækka heildargreiðslu til atvinnuleysisbóta.

Hvers vegna er óskynsamlegt að senda inn umsókn um inngöngu í ESB?

Er það ekki vilji þjóðarinnar?

Skoðanakannanir sýna að þjóðin vill meiri upplýsingar um það sem hugsanlega fælist í aðild að Evrópusambandinu. Í könnunum snúast spurningarnar oftast um hvort menn vilja „viðræður um aðild“. En þegar spurt er hvort fólk vilji að Ísland gangi í ESB þá er útkoman allt önnur. Á þessu ári hafa allar skoðanakannanir nema ein sýnt að meiri hluti þjóðarinnar er andvígur ESB-aðild. Sem sagt: þótt meiri hlutinn vilji viðræður við ESB bendir flest til þess að þjóðin sé ekki reiðubúin að sækja um inngöngu í ESB. Þjóð sem ekki vill ganga í ESB sækir ekki um inngöngu. Þjóðin vill könnunarviðræður en ekki umsókn um inngöngu í ESB.

Getum við vitað hvað okkur býðst án þess að sækja um aðild?

Við vitum nú þegar 95% hvað fælist í aðild. Ráðamenn ESB eru varla svo þverir að ekki megi draga upp úr þeim í könnunarviðræðum það sem á vantar. Það væri áreiðanlega einsdæmi ef þjóð legði sig í flókið og langvinnt inngöngu og aðlögunarferli ESB til þess eins að fá uppgengið hvað felst í pakkanum.

Er þetta ekki rétti tíminn til inngöngu í ESB?

Nei, þetta er afleitur tími til að senda umsókn um aðild, þegar miklar þrengingar steðja að þjóðinni. Ef menn vilja ganga í ESB þá er hyggilegra að biða þar til þjóðin stendur sterkar að vígi og samningsstaða hennar er betri.

Þurfum við ekki að hraða okkur svo að við getum tekið upp evru?

Fall krónunnar og vonir um gjaldmiðilsskipti með upptöku evru eru aðalrök þeirra sem vilja hraða inngöngu Íslands í ESB. Þó er vitað að við munum ekki uppfylla skilyrðin fyrir upptöku evru um langt árabil. Við uppfyllum ekkert þessara skilyrða sem stendur og höfum aldrei uppfyllt þau öll samtímis frá því að evran komst í umferð. Samkvæmt nýjustu útreikningum mun það taka Íslendinga 30 ár að uppfylla skilyrðið um að skuldir hins opinbera séu ekki hærrí en 60 % af vergri landsframleiðslu, sbr. hádegisfréttir RÚV 12. maí s.l. Þar með datt botninn endanlega úr þeirri röksemd að við þurfum að hraða okkur inn í ESB til að taka upp evru.

Er ekki skaðlaust að sækja um inngöngu og fella svo samninginn?

Nei! Það er ekki skaðlaust að fara inn í flókið inngöngu og aðlögunarferli ESB og síðan kemur í ljós að þjóðin vill ekki ganga inn þegar til kastanna kemur og hafnar samningsdrögum. Höfnunin hefði það í för með sér að samskipti Íslands við ESB yrðu stíðari næstu árin á eftir og er þó ekki á bætandi eftir icesafe-klúðrið. Eftir að Norðmenn höfnuðu aðild að ESB 1973 bjuggu þeir um margra ára skeið við lakari samninga við ESB en Íslendingar sem gerðu fríverslunarsamning við EBE (forveri ESB) árið 1972.

Er ekki ESB-aðild brýnasta mál þjóðarinnar?

Nei, það er af og frá. Atvinnumálin, skuldastaða heimilanna og skuldir þjóðarbúsins eru miklu meira aðkallandi og fráleitt að efna til sundrungar og klofnings meðal þjóðarinnar þegar við Íslendingar höfum mesta þörf fyrir að standa saman og finna lausn á aðsteðjandi vanda. ESB hefur ekki komið þeim aðildarríkjum sínum til hjálpar sem í mestum vanda eru vegna kreppunnar heldur hefur vísað

þeim til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Framboðið til Öryggisráðs SP kostaði 500 milljónir kr. Hve mörgum
sinnum meira mun tveggja ára umsóknarferli kosta áður en þjóðin fellir samninginn um inngöngu í
ESB?



Hreyfing
sjálfstæðissinna
í Evrópumálum

Er Evrópusambandið fyrir Ísland?

Mikilvægt er að hafa í huga í öllum umræðum um það hvort Ísland skuli verða hluti af Evrópusambandinu hver framtíðarþróun sambandsins kann að verða enda deginum ljósara að ef Íslendingar ganga þar inn mun sú þróun ekki stöðvast heldur halda áfram eins og áður. Ekki þýðir því að einblína á það hvernig Evrópusambandið er í dag eða kann að verða á morgun heldur er nauðsynlegt að horfa lengra fram á veginn enda ljóst að ef af inngöngu í sambandið yrði á einhverjum tímapunkti í framtíðinni væri ekki tjaldað til einnar náttar.

Eðli málsins samkvæmt getur enginn fullyrt neitt um óröðinn hlut eins og það hver framtíðarþróun Evrópusambandsins kann að verða. Hins vegar bendir fátt til annars en að sú þróun sem til þessa hefur átt sér stað innan sambandsins haldi áfram um ókomna tíð. Sú þróun hefur öðru fremur einkennst af sífellt meiri samruna þeirra ríkja sem það mynda á flestum ef ekki öllum sviðum og er nú svo komið í dag að leitun er að málaflokkum innan þeirra sem stofnanir Evrópusambandsins hafa ekki meiri eða minni völd yfir og þeim fer sífellt fækkandi.

Fjölmargir hafa bent á að þessi þróun sé nú komin á það stig að lítið vanti upp á að Evrópusambandið verði að einu ríki. Þ.á.m. eru ýmsir af forystumönnum sambandsins sjálfs. Þannig sagði t.a.m. þáverandi utanríkisráðherra Þýskalands, Joschka Fischer, 27. desember 1998 í samtali við breska dagblaðið *Daily Telegraph* að það að skapa eitt evrópskt ríki á grunni einnar evrópskrar stjórnarskrár væri stærsta verkefni samtímans.

Þáverandi forsætisráðherra Belgíu, Guy Verhofstadt, var heldur ekki að slá af því þegar hann sagði við *Financial Times* 21. júní 2004 að fyrirhuguð Stjórnarskrá Evrópusambandsins (kölluð í seinni tíð Lissabon-sáttmálinn) væri hornsteinninn að evrópsku sambandsríki og bætti síðar um betur og gaf út bók sem ber í enski þýðingu heitið “United States of Europe”. Núverandi forseti framkvæmdastjóri Evrópusambandsins, José Manuel Barroso, líkti síðan sambandinu við heimsveldi á blaðamannafundi 10. júlí 2007 með tilliti til stærðar þess og hvernig það er uppbyggt.

Evrópusambandið hefur í dag t.a.m. þing, hæstarétt, ígildi ríkisstjórnar, skilgreind ytri landamæri, gjaldmiðil, yfirþjóðlegt lagasetningarvald, vegabréf og ökuskírteini. Sömuleiðis fána, þjóðhátíðardag og jafnvel þjóðsöng. Það sem á vantar mun fást með fyrirhugaðri Stjórnarskrá Evrópusambandsins og þ.á.m. þjóðhöfðingi, sameiginleg utanríkisstefna, utanríkisráðherra og utanríkisþjónusta, auk þess sem sambandið verður þar með sjálfstæð lögpersóna og undirritar þá ekki lengur alþjóða- og milliríkjasamninga fyrir hönd ríkja sinna heldur í eigin nafni.

Stjórnarskrá Evrópusambandsins er forsenda frekari stækkunar sambandsins. Núverandi sáttmálar gera aðeins ráð fyrir 27 ríkjum en svo mörg eru þau þegar orðin. Þetta þýðir að

Ísland getur ekki gengið í Evrópusambandið fyrr en Stjórnarskráin hefur náð fram að ganga. Þ.e. ef hún nær fram að ganga. Öll raunhæf umræða hér á landi um hugsanlega inngöngu Íslands í Evrópusambandið verður því að miðast við Stjórnarskrá sambandsins sem og það hvort Íslendingar geti sætt sig við og átt samleið með því í ljósi þeirrar framtíðarþróunar sem líklegast er að muni eiga sér stað þar á bæ.

Ljóst er að þeirri þróun yrði seint stýrt af Íslendingum enda liggur fyrir að vægi einstakra ríkja Evrópusambandsins innan þess, og þar með allir möguleikar þeirra til áhrifa, fer fyrst og fremst eftir því hversu fjölmenn þau eru. Sá mælikvarði hentaði hagsmunum Íslendinga seint eðli málsins samkvæmt. Í grundvallaratriðum snýst umræðan um Evrópusambandið einfaldlega um það hverjir eigi að stjórna Íslandi? Íslendingar, þá annað hvort með beinum hætti eða í gegnum kjörna fulltrúa, eða stjórnámálamenn sem væru kosnir af öðrum en okkur til þess að standa vörð um aðra hagsmuni en þó fyrst og fremst embættismenn sambandsins sem enginn kysi.